

Stefnuskrá Framsóknarflokksins

Alþingiskosningarnar 12. maí 2007



Ávarp formanns

Framsóknarflokkurinn hefur nú setið í ríkisstjórn í hartnær tólf ár. Við höfum gert okkar til að rísa undir trausti og verkin tala. Í stjórnartíð Framsóknarflokksins hefur þjóðin uppskorið lengsta samfellda hagvaxtarskeið frá upphafi. Atvinnulífið hefur blómstrað og fyrirtæki sótt fram. Kaupmáttur launa hefur aukist jöfnum skrefum og ríkissjóður stendur traustum fótum. Stöðugleiki og styrk efnahagsstjórn hafa gert okkur kleift að skjóta styrkari stoðum undir velferðarkerfið. Óvíða í heiminum er betra að búa en á Íslandi og bjartsýni og áræðni einkennir í dag íslenska þjóð. Við viljum halda áfram á þeirri braut, tryggja atvinnu fyrir alla, öfluga menntun og sterkt velferðarkerfi.

Hér á eftir fara helstu áherslur Framsóknarflokksins. Við viljum halda áfram á framfarabraut. Erindi okkar við íslenska þjóð er brýnna nú en nokkru sinni fyrr. Við viljum árangur áfram – ekkert stopp. Við viljum stuðla að áframhaldandi vexti og stöðugleika í efnahagslífinu. Einungis þannig stuðlum við að blómlegra mannlífi. Einungis þannig bætum við kjör þeirra sem minna mega sín. Einungis þannig hlúum við að menntun barna okkar. Einungis þannig rennum við styrkari stoðum undir byggðir landsins.

Framsóknarflokkurinn er elstur starfandi stjórnmalaflokka á Íslandi. Flokkurinn stendur á traustum grunni og kjósendur vita að orðum okkar má treysta. Framsóknarflokkurinn hefur verið kjölfesta í íslenskum stjórnmalum.

Við kjósum framfarir. Við kjósum árangur.



Jón Sigurðsson
formaður Framsóknarflokksins

Traust, framfarir og stöðugleiki

Framsóknarflokkurinn er frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og lausn sameiginlegra viðfangsefna þjóðfélagsins á grunni samvinnu og jöfnuðar. Framsóknarfólk vill standa vörð um stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði Íslendinga og byggja á lýðræði, þingræði og réttaröryggi.

Framsóknarstefnan setur manninn og velferð hans í öndvegi en grunnurinn að velferð einstaklinga og fjölskyldna er að okkar mati efnahagslegt sjálfstæði, félagsleg réttindi, öryggi borgaranna, samvistir við fjölskylduna og rétturinn til útivistar.

Stöðugleiki, gagnsæi og traust eru lykilorð árangursríkrar efnahagsstefnu. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur staða ríkissjóðs tekið stakkaskiptum, skuldir ríkisins eru nú óverulegar og efnahagur ríkisins traustari en áður í sögu lýðveldisins. Þeirri stöðu verður að viðhalda. Nauðsynlegt er að rekstrar- og fjárfestingaáætlanir opinberra aðila taki alltaf mið af efnahagsþróuninni. Heimilin og fyrirtækin í landinu þurfa að geta gert áætlanir sem standast til framtíðar. Íslenskt samfélag þarfnast einnig öflugts atvinnulífs og kröftugrar nýsköpunar til að standa undir kostnaði við þá velferð og samhjálp sem við viljum geta boðið fólki um land allt.

Á undanförnum tólf árum hefur verið sótt fram á flestum sviðum samfélagsins. Styrk stjórn efnahagsmála hefur leitt af sér lengsta samfellda vaxtarskeið kaupmáttar og hagvaxtar í Íslandssögunni. Mikilvægt er að áfram sé unnið að framförum af framsýni og krafti en um leið staðfestu og stöðugleika. Við viljum árangur áfram – ekkert stopp.

Fólk í fyrirrúmi

Íslenska efnahagsundrið er réttnefni yfir þróun íslensks þjóðfélags. Undanfarin 12 ár eru tímabil samfellds hagvaxtar og kaupmáttaraukningar. Á sama tíma hefur ríkissjóður greitt niður skuldir og stendur nú traustum fótum. Allar forsendur eru nú til að nýta aukið svigrúm til að bæta velferðarkerfið enn frekar og draga úr útgjöldum einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Aukin menntun mun leggja grunninn að líf skjörum framtíðarinnar. Framsóknarflokkurinn blæs til nýrrar sóknar í velferðar- og menntamálum á næstu árum.

Velferð í fyrirrúmi

Heilbrigðis- og tryggingakerfið á Íslandi er með því besta sem þekkest enda hefur það verið í stöðugri sókn. Meðal brýnustu verkefna á næstu árum eru þessi:

- Ókeypis tannvernd til 18 ára aldurs og auknar niðurgreiðslur á tannviðgerðum.
- Lengja fæðingarorlof í 12 mánuði.
- Vinna að styttingu vinnutíma og auknum sveigjanleika í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.
- Sveigjanleg starfslok á vinnumarkaði.
- Hækkun frítekjumarks á atvinnutekjur lífeyrisþega.
- Frítekjumark verði sett á greiðslur úr lífeyrissjóðum.
- Draga enn frekar úr tekjutengingum barnabóta.
- Lækka virðisaukaskatt á lyfjum og barnavörum 24,5% í 7%.
- Bæta stöðu þeirra sem skipta um starfsvettvang vegna atvinnumissis eða örorku.
- Auka þátttöku hins opinbera í nauðsynlegum ferðakostnaði sjúklinga.
- Fjölbreytt meðferðarúræði fyrir unga fíkla.
- Eিংöngu einstaklingsrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Fjölbýlum verði breytt í einbýli.
- Einfalda almannatryggingakerfið.
- Draga markvisst úr tvísköttun lífeyris. Hluti lífeyrisgreiðslna verði skattlagður með sama hætti og fjármagnstekjur.
- Auka framboð á dagvistar- og hvíldarrýmum.
- Efla enn frekar allar forvarnir og vinna að bættri lýðheilsu þjóðarinnar
- Auka heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu sveitarfélaga svo aldraðir geti búið lengur heima hjá sér.

Réttlátara skattkerfi

Kaupmáttur almennings í landinu hefur aukist ár frá ári undanfarin 12 ár. Ísland er nú hvarvetna í efstu sætum alþjóðlegra kannana sem mæla lífsgæði þjóða. Við viljum halda áfram á sömu braut. Næstu verkefni okkar verða meðal annars þessi:

- Afnema stimpilgjöld.
- Einfalda skattkerfið og auka skatteftirlit.
- Hækka skattleysismörk í 100.000 krónur.
- Lán Íbúðalánasjóðs miðist við markaðsverð en ekki brunabótamat.

Menntun er lykillinn að líf skjörum framtíðarinnar

Menntakerfið á að veita öllum Íslendingum sömu möguleika til að afla sér þroskandi menntunar og tryggja framsæknu atvinnulífi aðgang að velmenntuðu vinnuaflí. Menntakerfið á Íslandi er nú þegar í fremstu röð og í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur fjöldi háskólanema margfaldast. Jafnrétti til náms er grunnstef í stefnu Framsóknarflokksins. Meðal leiða til að bæta menntakerfið enn frekar eru þessar:

- Gjaldfrjáls leikskóli.
- Breyta hluta námslána í styrk til þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma.
- Að námslán mæti raunverulegri framfærsluþörf.
- Aukin samvinna milli skólastiga.
- Tengja íþróttá-, tólstunda- og æskulýðsstarf skóladeginum.
- Fjölbreyttir framhaldsskólar þar sem starfsnámi er gert hátt undir höfði.
- Sporna við brottfalli nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólum.
- Efla atvinnutengda menntun og byggja upp starfsmenntaháskóla.
- Fjölga tækifærum til menntunar fyrir þá sem hafa litla formlega menntun.
- Auka möguleika til fjarnáms.
- Efla náms- og starfsráðgjöf til að vinna gegn brottfalli nemenda.
- Tryggja að nám og starfsreynsla erlendis sé metin að verðleikum.
- Tryggja jarðveg fyrir áframhaldandi þróun og grósku í skólastarfi.
- Efla rannsóknir og styðja við framhaldsnám á háskólastigi

Þjóðfélag jafnréttis

Íslenskt þjóðfélag á að vera þjóðfélag jafnréttis. Við berjumst fyrir mannréttindum og virðingu fyrir einstaklingnum og fjölskyldunni. Við höfnum hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki, t.d. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmalaskoðunum. Við munum ávallt verja skoðana- og tjáningarfrelsi, trúfrelsi og friðhelgi einkalífs. Misrétti er brot á mannréttindum og sóun á mannauði. Meðal brýnustu verkefna til að efla jafnrétti eru þessi:

- Ný jafnréttislöggjöf sem afnemur skyldu starfsmanns til launaleyndar og jafnar stöðu karla og kvenna í ráðum og nefndum.
- Fjölga konum í stjórnunarstöðum með sérstöku átaki.
- Horfa til þess hvað fólk getur fremur en hins sem það getur ekki þegar örorka er skilgreind.
- Hvetja fólk sem á við hvers kyns fötlun að stríða til að hasla sér völl með aukinni menntun og þátttöku í atvinnulífinu.
- Fylgja fast eftir aðgerðaáætlun gegn ofbeldi gegn konum og börnum.
- Stórauka íslenskukennslu fyrir innflytjendur.
- Auka fræðslu um þær þjóðfélagslegu breytingar sem eiga sér stað með fjölgun innflytjenda.
- Tryggja þjónustu fyrir innflytjendur og flóttafólk um allt land.
- Atvinnuleyfi verði gefin út til einstaklinga fremur en atvinnurekenda.
- Auka eftirlit með ólöglegu vinnuafli.
- Auka fræðslu sem eykur skilning og eyðir fordómum í samfélaginu.
- Vaxtabætur verði hækkaðar.
- Húsaleigubætur verði hækkaðar.

Skipulag velferðarþjónustu

Hér að ofan voru rakin áherslumál Framsóknarflokksins í velferðarmálum sem snúa beint að notendum þjónustunnar. Hér á eftir eru áherslumál okkar hvað varðar hugmyndafræði og skipulag velferðarþjónustunnar.

Við viljum:

- Að þjónusta við aldraða og fatlaða sé á hendi sveitarfélaga því þau eru best í stakk búin til að sinna nærþjónustu. Sveitarfélög fái næga tekjustofna til að sinna málaflokknum.
- Að allir hafi aðgang að fullkomnu heilbrigðisþjónustu sem vöð er á. Efla skal heilsugæsluna enn frekar sem grundvöll heilbrigðisþjónustu í landinu.
- Rafræna sjúkraskrá sem bætir heilbrigðisþjónustuna, tryggir öryggi sjúklinga, eykur skilvirkni og leiðir til hagræðingar.
- Efla og bæta rafræn samskipti Tryggingastofnunar ríkisins.
- Efla vinnuþæðsaðgerðir fyrir þá sem eiga við fötlun að stríða, öryrkja og þá sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi.
- Endurskipuleggja ferliþjónustu fatlaðra.
- Samræma útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa.
- Efla göngudeildarúrræði fyrir meðferð vegna áfengisfíknar.

Menning er dýrgripur hverrar þjóðar

Fjölbreytt og skapandi menningarstarfsemi er dýrgripur hverrar þjóðar og á að standa öllum til boða. Keppa ber að aukinni útrás íslenskrar menningar- og menntastarfsemi. Forsenda fjölbreyttrar og öflugrar menningarstarfsemi er opið og gegnsætt styrkjakerfi.

Við viljum:

- Ljúka gerð menningarsamninga við alla landshluta.
- Byggja markvisst upp menningartengda ferðaþjónustu.
- Að RÚV ohf. verði áfram í þjóðareigu.
- Laða fleiri erlenda kvikmyndagerðarmenn til landsins og efla nám í kvikmyndagerð.
- Styðja við enn frekari grósku og útrás íslenskra listamanna
- Hefjast strax handa við byggingu nýs náttúruminjasafns.

Íþróttir fyrir alla

Aukið framboð og aukin gæði í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi bæta lífsgæði og menntun og stuðla að forvörnum og heilbrigði allra landsmanna.

Við viljum:

- Tryggja jafnan rétt allra til þátttöku.
- Koma á sjóði til að efla starf sveitarfélaga í íþróttá- og tómstundamálum.
- Bæta fagmenntun leiðbeinenda í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi.
- Skapa íþróttahreyfingunni aðstæður til að sinna uppeldis-, forvarna- og félagshlutverki sínu.

Blómlegar byggðir

Framsóknarflokkurinn vill tryggja að hagvöxtur og uppbygging nái til landsins alls svo að fólk og fyrirtæki geti vaxið og dafnað í heimabyggð. Sérstaklega skal huga að svæðum þar sem fólksfækkun er viðvarandi.

Við viljum:

- Kröftuga nýsköpun og atvinnuþróun um allt land.
- Byggja upp háskólanám á landsbyggðinni og efla rannsóknir.
- Stórauka framlög til vaxtar- og menningarsamninga á landsbyggðinni.
- Draga úr flutningskostnaði fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Að Fjarskiptasjóður vinni hratt að því að háhraðatengingum verði komið á um land allt og GSM sambandi á helstu samgönguleiðum og ferðamannastöðum.
- Að nýr sæstrengur verði lagður milli Íslands og Evrópu og Íslands og Ameríku.

Nýsköpun – forsenda framfara

Þróttmikið atvinnulíf er forsenda vaxtar og velferðar í íslensku samfélagi. Við þurfum að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og tryggja að samkeppnisstaða Íslands verði áfram eins og best gerist í heiminum. Framsóknarflokkurinn vill vinna að þessum markmiðum til að örva nýsköpun í atvinnulífinu:

- Laga reglur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að þörfum frumkvöðla og efla Tækniþróunarsjóð til að stuðla að fjölgun nýsköpunarfyrirtækja. Með þessu verði nýsköpunargjain brúuð.
- Að háskólasamfélagið leggi aukna áherslu á nýsköpun og öflun einkaleyfa.
- Veita umbun þeim sem stofna sprotafyrirtæki á grundvelli rannsókna.
- Skattkerfið ber að nýta til að styðja við rannsóknir, þróunarstarf og markvissa nýsköpun í atvinnulífinu.
- Auka samstarf opinberra rannsóknarstofnana við háskóla og fyrirtæki, m.a. með þekkingarsetrum.
- Auka fræðslu um stofnun og rekstur nýrra fyrirtækja innan skólakerfisins.
- Hvetja til rannsókna sem geta leitt til einkaleyfa og nýsköpunar í atvinnulífinu.
- Endurskoða starfshætti opinberra nýsköpunarsjóða til að tryggja að þeir gagnist báðum kynjum.

Náttúruauðlindir og umhverfi

Virðing fyrir náttúrunni hefur verið grundvallarstef í stefnu Framsóknarflokksins frá stofnun hans. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á kröftugt samfélag fólks sem sækir fram á flestum sviðum í anda sjálfbærrar þróunar með náttúruvernd og góða umgengni við landið og sitt nánasta umhverfi að leiðarljósi. Með hugsun sjálfbærrar þróunar er þörfum samtímans mætt án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta sínum þörfum.

Við viljum:

- Leita víðtækrar sáttar um að setja inn ákvæði í stjórnarskrá sem færi sameiginlegar auðlindir í þjóðareigu.
- Gera verndar- og nýtingaráætlanir fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl sem taki gildi eigi síðar en árið 2010.
- Stofna auðlindasjóð. Greiðslur fyrir afnot af auðlindum í þjóðareigu renni úr honum til uppbyggingar, nýsköpunar og framfara í landinu öllu.
- Halda áfram að byggja upp þjóðgarða og fjölga friðlýstum svæðum, sérstaklega á miðhálandi landsins.
- Að Landsvirkjun og dótturfyrirtæki hennar verði áfram í eigu ríkisins.
- Að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum.
- Að losunarheimildir Íslands gangi inn í auðlindasjóð. Farið verði með þær á sama hátt og aðrar auðlindir í þjóðareigu.
- Gera almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti með afnámi gjaldtöku þar sem það á við og útvíkkun þjónustusvæða.
- Styrkja frekari rannsóknir á djúpbörnunum og betri nýtingu jarðvarma.
- Vinna markvisst að því að hvetja til notkunar á farartækjum sem nýta innlenda og umhverfisvæna orkugjafa, m.a. með skattaávilnunum.
- Stórauka bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu.
- Setja skýrar reglur um utanvegaakstur og viðurlög vegna hans.
- Auka fjármagn til grunnrannsókna á náttúruauðlindum og flýta kortlagningu og söfnun upplýsinga sem til eru um náttúru Íslands.
- Móta landnýtingarstefnu, m.a. fyrir ferðapjónustuna. Markmið þeirrar stefnu verði að skilgreina þau svæði sem ferðapjónustan geti nýtt til framtíðar.
- Gera áætlun um verndun og nýtingu allra dýrategunda landsins.

Neytendur og viðskiptalíf

Við viljum áfram tryggja að hér geti vaxið og dafnað öflugt viðskiptalíf í alþjóðlegri samkeppni. Það skapar okkur mikilvægar tekjur til að standa undir sameiginlegum útgjöldum. Eftirlitsstofnanir ríkisins gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja virka samkeppni í þágu neytenda. Framsóknarflokkurinn vill:

- Efla samkeppniseftirlit og neytendavernd.
- Virkara eftirlit með framkvæmd laga um markaðssetningu og auglýsingar.
- Setja lög um greiðsluáðlögun sem aðstoðar fólk við að vinna úr fjárhagslegum áföllum.
- Renna fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf með aukinni fjármálastarfsemi.
- Að á Íslandi verði markvisst unnið að uppbyggingu alþjóðlegrar lífeyrismiðstöðvar.

Sátt um sjávarútveg

Núverandi stjórnkerfi fiskveiða er ein mikilvægasta forsenda þeirra efnahagsframfara sem einkennt hafa undanfarin 12 ár. Mikilvægt er að tryggja sátt um sjávarútveginn og jafna starfsskilyrði innan greinarinnar. Ísland skal vera í fararbroddi hvað varðar ábyrgð í umhverfismálum í sjávarútvegi. Rannsóknir verði eflaðar á vistkerfi hafsins.

Við viljum:

- Stórefla rannsóknir á lífríki sjávar og tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna.
- Endurskoða hvernig hámarksafli er ákveðinn.
- Vinna á alþjóðavettvangi gegn ólöglegum fiskveiðum.
- Vinna á alþjóðavettvangi gegn geislaengun sjávar.
- Setja strangari reglur um siglingar skipa næst landi til að fyrirbyggja mengunar- og umhverfisslys.

Við styðjum íslenskan landbúnað

Íslenskur landbúnaður á áfram að framleiða holl matvæli með hóflegum tilkostnaði og tryggja eftir föngum matvælaöryggi og fæðuöryggi þjóðarinnar. Eitt markmið landbúnaðarstefnunnar er að treysta búsetu á landsbyggðinni.

Við viljum:

- Leita leiða til að auðvelda nýliðun í bændastétt.
- Að ræktun og nýting landsins gæða sé sjálfbær.
- Að allar búvörur verði merktar upprunamerkingu.
- Að unnið verði að farsælli niðurstöðu Doha-viðskiptalotunnar innan Heimsviðskiptastofnunarinnar.

Skilvirkari stjórnsýsla - allra hagr

Nýir tímar kalla á skýrari verkaskiptingu í Stjórnarráðinu og sterkari stöðu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu.

Við viljum:

- Fækka ráðuneytum og að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku.
- Að persónukjör aukist við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna.
- Tryggja sem jafnast vægi atkvæða á landsvísu.
- Sterkari sveitarstjórnir – öflugri nærþjónustu.
- Að hluti fjármagnstekjuskatts renni til sveitarfélaga.
- Skapa sátt um eignarhald á landi. Fjármálaráðuneyti og kröfunefnd þess endurskoði kröfugerð sína þar sem mál standa yfir og leiti sátta við jarðeigendur. Ekki verði lýst kröfum í ný svæði á meðan kröfugerð er endurskoðuð.

Öryggi borgaranna

Ein af frumskyldum ríkisvaldsins er að tryggja og verja öryggi einstaklinga og fjölskyldna gagnvart hvers konar ógnunum, ofbeldi og öðrum afbrotum.

Við viljum:

- Stefna að því að auka fjármagn og mannafla lögreglu og tryggja þannig að aðbúnaður lögreglu til að sinna verkefnum sínum verði ávallt eins og best verður á kosið.
- Skapa lögreglunni skilyrði til að sinna aukinni grenndargæslu og forvarnastarfi.
- Vinna skipulega gegn starfsemi glæpahringja hér á landi, m.a. til að koma í veg fyrir aukinn innflutning fíkniefna og mansal.
- Herða baráttuna gegn fíkniefnum, innflutningi þeirra, dreifingu og notkun.
- Byggja nútímalegt, deildaskipt fangelsi.
- Koma á fót ungmennadómstóli sem beitt geti meðferðarvistun í stað fangelsisrefsingar.
- Landhelgisgæsla Íslands verði eflað enn frekar.

Greiðari samgöngur – betra vegakerfi

Samgöngubætur auka öryggi vegfarenda, jafna aðstöðu og auka lífsgæði allra Íslendinga. Bættar samgöngur jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu og stuðla að jákvæðri byggðapróun.

Við viljum:

- Tvöfalda þjóðvegi út frá höfuðborginni og aðskilja akstursleiðir á helstu umferðaræðum.
- Gera sérstaka jarðgangaáætlun sem ekki hafi áhrif á samgönguáætlun. Unnið sé að jarðgangagerð á 2 til 3 stöðum samtímis næstu áratugi, uns helstu verkefnum lýkur.
- Gera sérstakt átak til að efla umferðaröryggi og sérstaklega verði hugað að þeim svæðum í vegakerfinu (svokölluðum „svörtum blettum“) þar sem tíðni slysa er há.
- Að einbreiðar brýr á þjóð- og stofnvegakerfinu heyri sögunni til.

Ísland í samfélagi þjóðanna

Meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna lands og þjóðar og veita öflugt fyrirvar gagnvart öðrum ríkjum.

Við viljum:

- Tryggja framtíðarhagsmuni þjóðarinnar í Evrópu, í samstarfi við Evrópusambandið innan EES og við EFTA-ríkin.
- Að öryggis- og varnarmál landsins hvíli fyrst og fremst á eigin frumkvæði sem og tvíhliða varnarsamningum við Bandaríkin, aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og auknu samstarfi við grannríki.
- Hækka þróunaraðstoð í 0,35% af vergri landsframleiðslu eigi síðar en 2009 og í 0,7% árið 2015 í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna.
- Að verkefni Íslensku friðargæslunnar verði einungis borgaralegs eðlis og til hennar veljist jafnt konur og karlar.
- Auka áherslu á starf innan stofnana Sameinuðu þjóðanna, t.d. Barnahjálpar SP (UNICEF) og Þróunarsjóðs fyrir konur (UNIFEM).
- Að Ísland beiti sér áfram fyrir viðskiptafrelsi á alþjóðavettvangi.